

SOS BARNAPORPIN

Fréttablað 2. tbl. 20. árg. 2014

Viðtal við SOS móður

Heimsókn til Afríku

SOS kynning - Brasilía

Sólblómaleikskólar

Skjólvinufréttir

*Óttaslegin börn á
Gaza og í Ísrael*



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Dorothy verður SOS móðir

Hlutverk SOS móður verður seint skilgreint sem auðvelt starf. En hvernig manneskja vill verða SOS móðir? Dorothy Napolo er frá Malaví og hefur fljótlega störf sem SOS móðir í barnþorpinu í Blantyre í heimalandi sínu. Hún útskýrir fyrir okkur hvers vegna hún valdi þetta starf.

Hvað heitir þú og hvað ert þú gömul? Hvaðan kemur þú og hvað varstu að gera áður en þú fórst í nám til að verða SOS móðir?

Ég heiti Dorothy Napolo og er fertug. Ég kem frá suðurhluta Malaví og var áður að starfa hjá matvæla- og landbúnaðarstofnun í Malaví.

Hvernig líst þér á að búa í SOS Barnþorpi?

Mér líst mjög vel á það. Ég hlakka mikið til að takast á við þetta verkefni og fá tækifæri til að annast börn sem þurfa á ást og umhyggju að halda.

Byrð þú yfir reynslu sem þú telur að eigi eftir að hjálpa þér í starfinu?

Já, ég hef unnið sem sjálfboðaliði með börnum. Bæði börnum sem eru HIV smituð og einnig börnum sem eru með berkla. Ég tel að sú reynsla hjálpi mér að verða góð SOS móðir.

Hver heldur þú að verði mesta áskorunin sem SOS móðir?

Það verða nokkrar áskoranir! Ég þarf til dæmis að passa upp á að öllum börnunum mínum gangi vel í skóla og þau hagi sér vel. Það er mjög mikilvægt. Ég þarf að sjá til þess að þeim líði vel, séu örugg með sig og tilbúin til þess að fara út í samfélagið þegar þar að kemur.

Hverju manstu eftir frá því að þú varst að alast upp? Er eitthvað sem móðir þín gerði í uppeldinu sem þú vilt gera eins og er eitthvað sem þú vilt ekki gera eins?

Móðir mín var mjög ástríkur. Hún hvatti mig til þess að leggja mig fram í skólanum. Þá hvatti hún mig til að hjálpa til við heimilisstörfin svo ég lærði að vinna þau sjálf. Þetta mun ég líka gera sem SOS móðir. Hins vegar þótti það í lagi á þeim tíma að aga börn



SOS móðir í Malaví með börnin sín

með því að löðruna þau. Það finnst mér ekki í lagi. Það er brot á mannréttindum barna og ég mun svo sannarlega ekki gera það.

Hvað finnst fjölskyldu þinni og vinum um nýja starfið þitt? Styðja þau ákvörðun þína um að gerast SOS móðir eða finnst þeim þú hafa gert mistök? Ætla þau að koma og heimsækja þig í þorpið?

Vinir mínir og fjölskylda hvetja mig áfram og finnst frábært að ég sé að verða SOS móðir. Þau eru mjög spennt fyrir mína hönd og ætla að heimsækja mig í barnþorpið.

Sumir segja að munaðarlaus börn eigi alltaf að alast upp hjá nánustu ættingjum en ekki ókunnugum. Hvað finnst þér um þá skoðun?

Það er auðvitað mjög gott ef að börnin eiga ættingja sem vilja taka þau að sér og eru í standi til þess og hugsa vel um börnin. En ef ættingjar geta eða vilja ekki sjá fyrir börnunum þá verða samtök eins og SOS að grípa inn í. En það er alltaf gott ef börnin geta verið í samskiptum við nánustu ættingja sína og við hvetjum þau til þess.

SOS Barnþorpin hafa starfað í Malaví síðan 1994 og í dag eru þrjú barnþorp þar starfandi, í Lilongwe, Mzuzu og Blantyre. Í þorpunum þremur búa um 300 börn og 20 þúsund börn fá annars konar aðstoð, í gegnum SOS heilsugæsluna, SOS skólana og samfélagsmiðstöðvarnar.



Frá framkvæmdastjóra

Áhyggjur

Ég hef ekki tölu yfir það hve oft ég hef þurft að segja börnunum mínum að hafa ekki áhyggjur. Ekki svo að skilja að þau hafi haft meiri áhyggjur en önnur börn en ég held að öll börn upplifi það að hafa áhyggjur – og það oft!

Eitt af hlutverkum foreldra er að létta áhyggjum af börnum sínum enda eiga börn ekki að þurfa að hafa áhyggjur. Sem foreldrar þurfum við að segja börnunum okkar að ekkert skrímsli sé að fara að taka þau, bjóða þeim að koma uppí til okkar ef þau eru hrædd í myrkrinu, segja þeim að það sé í lagi að ferðast í flugvél eða að þau muni ekki tynast þó þau fari úr augsýn foreldra sinna. Þá hafa sum börn áhyggjur af því að pabbi eða mamma verði drukkin, beiti ofbeldi, eigi ekki pening fyrir nauðsynjum o.s.frv. Áhyggjurnar geta verið margvíslegar.

SOS Barnaþorpin hafa tekið að sér það hlutverk sem foreldrar venjulega sinna; að sjá börnum fyrir áhyggjulausri æsku – eða því sem næst. Börnin í barnaþorpunum eiga ekki að þurfa að hafa óþarfa áhyggjur og þegar sú staða kemur upp er það hlutverk SOS móðurinnar að eyða slíkum áhyggjum. Jafnvel mjög þungum áhyggjum.

Sum börn hafa áhyggjur af því að hermenn skjóti þau eða ættingja þeirra, að húsíð þeirra verði sprengt í loft upp og aðrar ámóta áhyggjur. Við erum með barnaþorp á stöðum eins og Gaza, Ísrael, Suður Súdan, Úkraínu, Mið-Afríkulyðveldinu og fleiri stöðum þar sem börn hafa almennt áhyggjur sem börn ættu alls ekki að þurfa að hafa. Hinsvegar hefur fullorðna fólkíð búið svo um hnútana að óþarfa og óeðlilegt álag leggst á litlar sálir.

Það mæðir því mikið á SOS mæðrum okkar á þessum stöðum – og raunar í öllum barnaþorpum um allan heim – að létta óþarfa áhyggjum af börnunum og hjálpa þeim að horfast í augu við erfiðar aðstæður án þess að bugast. Lykilatriði hér er ást. Barn sem upplifir ást er mun betur í stakk búið til að glíma við mótlæti en það barn sem ekki finnur til ástúðar í sinn garð.

Af þeim 80.000 börnum sem búa í SOS Barnaþorpum um allan heim eru örugglega nokkur núna í áhyggjueyðingu í faðmi SOS mæðra sinna, umvafin ást.

Með þínum stuðningi hjálpar þú okkur að sjá börnum fyrir áhyggjulausri æsku – eða eins nálægt því og kostur er.

Ragnar Schram



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir
Heimilisfang:
SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Pixel ehf
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Systur sem búa í SOS Barnaþorpi í Santa Rosa de Copán í Hondúras.
Ef ljósmyndara er ekki getið er myndin úr myndasafni SOS.

Tók lýsið með til Afríku

María Ellingsen leikkona hefur verið SOS styrktarforeldri í mörg ár. Hún lét gamlan draum rætast og heimsótti styrktarbarnið sitt til Tansaníu í byrjun árs. Hér segir hún okkur frá heimsókninni.

„Við erum fjögur systkinin, ég, Kristín, Tómas og svo Janeth systir okkar í Afríku,“ hefur Lára dóttir mín alltaf sagt þegar hún er spurð um fjölskylduna. Frá því að hún man eftir sér hefur mynd af Janeth hangið á ísskápnum okkar og reglulegar fréttir borist af henni með nýjum myndum sem sýna að hún vex og dafnar.

Það hafði lengi verið draumur okkar að fara til Afríku saman og heimsækja Janeth.

Ég tengdi reyndar strax við Afríku þegar ég var sex ára gömul og sá börnin þar í sjónvarpinu og langaði til að leggja mitt af mörkum til að hjálpa þeim. Mér datt strax í hug að fara með lýsi til þeirra sem

mamma var búin að predika að væri allra meina bót og undirstaða heilbrigðis og hamingju. Ég lét til skarar skriða einn morguninn, greip lýsisflöskuna úr ísskápnum og lagði af stað. Að vísu komst ég ekki lengra en út á moldugt bílaplanið í Árbænum þegar ég var gripin og mér bent á að ég þyrfti að drekka þetta lýsi sjálf, verða stór og sterk og þá gæti ég kannski gert eitthvað fyrir Afríku. Ég ákvað þá að verða læknir til að geta gert virkilegt gagn en einhvern veginn æxlaðist það svo að ég varð leikari.

DRAUMURINN RÆTIST

Þegar ég eignaðist mitt fyrsta barn, Láru, þá ákvað ég að fyrst að ég hefði aldrei komist svo langt að bjarga heiminum eða Afríku þá gæti ég samt lagt eitthvað af





Það voru fagnaðarfundir þegar mæðgurnar hittu Janeth

mörkum og gerðist SOS styrktarforeldri og þannig ólust þær upp saman, þær Lára og Janeth.

En svo kom að því að draumurinn um að heimsækja Afríku rættist. Við skráðum okkur í skipulagða ferð á vegum Exodus og völdum Tansaníu til að geta heimsótt Janeth. „Þú verður að taka lýsið með mamma,“ sagði Kristín yngri dóttir mín við mig, og þó ég vissi ekki hvað ég ætti að gera við það þá fannst mér það viðeigandi á einhvern hátt.

Við höfðum samband við SOS hér á landi og undirbjuggum heimsóknina með margra mánaða fyrirvara. Það var mikil tilhlökkun í gangi ásamt heilmiklum vangaveltum um hvað við gætum fært Janeth og börnunum í þorpínu.

Og eins ólík Afríka er okkar heimi þá fannst mér samt eins og ég væri að koma heim eftir öll þessi ár með þennan draum í hjartanu. Og eftir að hafa gengið áleiðis upp Kilimanjaro og séð dýr merkurinnar í safariferð þá var komið að því að hitta Janeth.

Hún býr í SOS barnaþorpínu í Arusha og þar tók forstöðumaðurinn á mótí öllum hópnum, alls 13 manns, og leiddi okkur að húsinu hennar sem er númer átta.

Það var ólýsanleg stund að hitta loks Janeth tuttugu ára gamla eftir að hafa skrifað á við hana og hugsað til hennar í 15 ár. Við vorum mjög hrærðar og það voru Janeth og SOS móðir hennar einnig. Tárin trilluðu á sama tíma og við brostum út að eyrum.

Síðan var slegið upp veislu í fallega og snyrtilega húsinu þar sem við rúmuðumst öll við borðið. Janeth hafði bakað og útbúið mangó og gulrótarsafa og poppað. Svo var spjallað, sagt frá og sungið og Janeth sýndi okkur húsið. Við færðum henni gjafir, meðal annars rauða 66°Norður flíspeysu því það getur verið kul í Afríku á kvöldin. Einnig fengu hin börnin í þorpínu og SOS móðir Janeth gjafir.



Janeth var afar ánægð með lýsið frá Íslandi

Síðast ekki en síst þá færði ég henni lýsisflöskuna góðu sem táknræna gjöf og sagði henni að þó að ég hefði ekki getað gert eins mikið og ég sá fyrir mér sem barn þá væri betra að gera eitthvað lítið eins og að styðja hana frekar en að gera ekki neitt. Og það hefði verið ómetanlegt fyrir okkur að tengjast henni. Það hefði stækkað tilveru okkar og gert hana ríkari.

María Ellingsen.



Slegið var upp veislu á heimili Janeth

MYNDIR ÚR SOS BARNAPÖRPUNUM







Vincent Kompany alþjóðlegur sendiherra SOS

„Ég samþykki af öllu hjarta,“ tvítaði Vincent Kompany í apríl, en þar var hann að svara bréfi frá SOS Barnaþorpunum þar sem honum var boðið að gerast alþjóðlegur sendiherra samtakanna. Vincent er fyrirliði Manchester City og belgíska landsliðsins í knattspyrnu sem keppti á HM í Brasilíu í sumar. Þar að auki er hann dyggur styrktaraðili SOS Barnaþorpanna.

Vincent er ekki aðeins hæfileikaríkur knattspyrnumaður, hann er einnig mikill áhugamaður um mannréttindi barna. „Ekkert barn á að alast upp eitt síns liðs, án ástar og heimilis,“ segir hann. „En samt sem áður eru 150 milljónir barna í heiminum sem alast upp við slíkar aðstæður að þau óttast á hverjum degi að verða ein, án ástar, án fjölskyldu og án öryggis.“ Vincent vonar að hlutverk sitt sem alþjóðlegur sendiherra geri sér kleift að aðstoða þessi börn. „Ef minn stuðningur getur hjálpað börnum í neyð í Suður Ameríku, Afríku, Evrópu og Asíu, þá mun ég gefa af mér eins og ég get, alla daga.“

Fyrir mann sem er svo ákveðinn í því að vilja breyta heiminum var ekki auðvelt verkefni að velja eitt málefni til að styrkja. „Ég valdi SOS vegna þess að mér fannst gildi þeirra passa best við mína hugsjón: að gefa börnum nýtt tækifæri, um allan heim. Það skipti mig miklu máli að peningarnir mínir og tími myndu nýtast vel, og mér leist best á SOS í því samhengi. Sem sendiherra sem biður fólk um að gefa peningana sína, þarf ég að vera viss um peningarnir fari á rétta staði. Það er ábyrgð. Núna eftir átta ára starf með SOS í Belgíu er ég viss um að ég valdi rétt. Það hefur allt staðist sem fulltrúar samtakanna sögðu mér, og betur en það.“

Gott mál – unglingar fyrir unglinga

Þann 9. apríl síðastliðinn stóðu nemendur í Hagaskóla fyrir góðgerðardegi sem nefndur er Gott mál – unglingar fyrir unglinga. Í byrjun maí afhentu þeir svo SOS Barnaþorpunum og Barnaheillum 2,2 milljónir króna. Hvort félag fékk rúma eina milljón.

Krakkarnir í Hagaskóla hafa mikla samúð með börnum sem búa við stríðsástand. Þá finnst þeim menntun mikilvæg og vilja styðja við hana. Því var ákveðið að SOS Barnaþorpin myndu nýta ágóðann í byggingu skóla í Ngabu í Malaví og Barnaheill í verkefni sín í flóttamannabúðum í Sírlandi.

Þetta er fimmta árið í röð sem góðgerðardagurinn er haldinn í Hagaskóla. Margt skemmtilegt var í gangi í ár þar sem allir bekkir stóðu fyrir einhvers konar fjáröflun.



SOS KYNNING - BRASILÍA

Í Brasilíu búa 197 milljónir manna. Íbúar landsins eru í raun og veru mjög ungir því 25% íbúa Brasilíu eru yngri en fimmtán ára. Á ákveðnum svæðum í landinu er atvinnuleysi mikið og börn eru í hættu á að alast upp í óstöðugu umhverfi. Barnafátækt er mikil og þá sérstaklega í norðausturhluta landsins. Þar eru ung börn oftast ekki látin vinna fyrir fjölskyldum sínum.



Ein og hálf milljón barna í Brasilíu býr í húsum sem ekki eru með veggjum. Á Amason svæðinu búa 97% barna við aðstæður þar sem ekki er holræsakerfi og þar með aukast líkurnar á að þessi börn fái ýmiss konar sjúkdóma. Vannæring er einnig mikið vandamál í Brasilíu sem er alvarlegt þar sem landið er ríkt af auðlindum.



Í stærstu borgum landsins, sérstaklega í Rio de Janeiro og São Paulo, enda heimilislaus börn yfirleitt á götunni þar sem mikil hætta er á að þau verði fyrir kynferðislegu ofbeldi og ánetjist eiturfjum. Þau börn sem eru á götunni vinna oft fyrir sér með því að þússa skó eða selja varning. Talið er að 24 þúsund börn í Brasilíu búi á götunni.

Það eru 19 SOS Barnaþorp í Brasilíu. Þar búa 800 börn í 97

fjölskyldum. SOS Barnaþorpin hófu starfsemi sína í Porto Alegre og Poá á sjöunda áratugnum. Fyrsta SOS fjölskylduefningin hófst árið 2003 með því markmiði að aðstoða börn og ungmenni sem bjuggu við erfiðar aðstæður. Á síðustu fjórtíu árum hafa SOS Barnaþorpin byggt skóla, heilsugæslur og samfélagsmiðstöðvar ásamt því að bjóða foreldralausum og yfirgefnum börnum nýtt heimili.



SOS Barnaþorpin í Brasilíu:

Bahia, Brasília, Campinas, Foz do Iguacu, Goioeré, Igarassu, Jacarepaguá, Juiz de Fora, Manaus, Paraíba, Poá, Porto Alegre, Rio Bonito, Rio Grande do Norte, Santa Maria, São Bernardo do Campo, Natal, Aracaju, Rio Claro,



Sólblómaleikskólar





Þessa dagana eru SOS Barnaþorpin að fara af stað með nýtt verkefni þar sem leikskólum landsins er boðið að gerast Sólblómaleikskólar. Um er að ræða verkefni að norskri fyrirmynd þar sem leikskólabörn fræðast um börn í öðrum löndum ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað. Þá geta þau haldið Sólblómagleði og eignast vin sem býr í fjarlægum landi.

Sólblómaleikskólar eru leikskólar sem vilja starfa með SOS Barnaþorpunum, annað hvort með því að styrkja eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi eða styðja við samtökin á annan hátt, til dæmis með söfnun einu sinni á ári. Sólblómaleikskólar fá efni frá SOS Barnaþorpunum þar sem þeim er sagt frá börnum sem búa í SOS Barnaþorpum. Saga þeirra er sögð ásamt því að lönd þeirra eru kynnt, matarmenning o.fl. Áhersla er lögð á að leikskólabörnin geti rætt um hvernig aðstæður SOS barnanna séu líkar eða ólíkar þeirra eigin. Leikskólabörnin fræðast þannig um önnur lönd og aðra menningarheima og sjá

hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lifnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja sjálf. Einnig fá allir Sólblómaleikskólar sólblómafræ til að sá og fylgjast svo með vextinum. Því sólblómið er alveg eins og barnið, það þarf umhyggju og næringu til að lifa af.

Sólblómaleikskólar geta annað hvort gerst styrktarforeldrar barns eða styrkt SOS Barnaþorpin á annan hátt.

Ákveði leikskóli að styrkja barn kostar það 3.750 kr. á mánuði eða 45.000 kr. á ári. Öll upphæðin fer úr landi. Hægt er að borga mánaðarlega eða einu sinni á ári. Algengt er að leikskólar borgi einu sinni á ári og safni þá fyrir framfærslunni á ýmsan hátt. Þegar stuðningur við barnið hefst fær leikskólinn upplýsingar um barnið og ástæður þess að það býr í SOS barnaþorpi ásamt mynd. Þá fær leikskólinn einnig efni sent frá SOS Barnaþorpunum sem er svo endurnýjað annað hvert ár. Leikskólinn fær fréttir af barninu tvisvar á ári og mynd af því einu sinni á ári. Þá er hægt að skrifast á við barnið og senda afmælis/jólagjafir ef vilji er fyrir því, en það er ekki nauðsynlegt.

Ef leikskólinn vill ekki gerast styrktarforeldri en vill vera með í Sólblómaverkefninu þá er það að sjálfsgöðu í boði. Þá getur leikskólinn haldið svokallaða



Sólblómagleði einu sinni á ári þar sem fræðst er um ólík lönd og aðstæður barna þar ásamt því að hægt er að útbúa sólblómarétti og þjóðarrétti annarra landa, syngja lög og fleira skemmtilegt sem SOS Barnaþorpin koma með hugmyndir að. Þessir leikskólar halda einhverskonar söfnun árlega eða oftast sem sniðugt er að tengja við Sólblómagleðina.

Nú þegar hefur fjöldi leikskóla skráð sig sem Sólblómaleikskóla. Reynslan sýnir að þegar leikskólar eru að styrkja ákveðið barn eða taka þátt í hjálparstarfi okkar á annan hátt hefur það mjög góð áhrif á leikskólabörnin. Þau fræðast um önnur lönd og fólkið sem býr þar og sjá að fjölskyldur og menningarheimar eru mismunandi. Börnin eru forvitin og taka virkan þátt í starfinu.







Kata verður fyrir aðkasti

Í Gíneu Bissá nýttist íslenskt fé við að hjálpa sárafátækum barnafjölskyldum til sjálfshjálpar. Ein af þeim fjölskyldum er saman sett af móðurinni Öldu, dótturinni Kötunni sem er fötluð og sex öðrum börnum en við sögðum frá þeim í 2. tölublaði árið 2013. Við sögðum frá því að þegar Kata var þriggja ára veiktist hún alvarlega og lamaðist í kjölfarið. Faðir hennar heimtaði að fjölskyldan myndi losa sig við Kötunni litlu eða drepa hana. Móðir Kötunni tók það ekki í mál og úr varð að maðurinn fór frá henni og börnunum.

Skýndilega var Alda orðin einstæð móðir. Lífsbarátta fjölskyldunnar var mjög hörð og ekki var alltaf matur á borðum. Þá eyddi Kata flestum stundum liggjandi á teppi. Þegar móðurinni bauðst hjálp frá Fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna þáði hún hana með þökkum og í dag stundar hún viðskipti með góðum árangri og öll börnin nema Kata eru í skóla. Þá hefur fjölskyldan aðgang að SOS heilsugæslunni sem er sérstaklega mikilvægt fyrir Kötunni. Á síðasta ári fékk Kata svo hjólastól frá SOS Barnaþorpunum sem hún og móðir hennar voru afskaplega ánægðar með og töldu að það myndi breyta miklu fyrir litlu stúlkuna sem nú eru orðin níu ára. Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS á Íslandi fór til Gíneu Bissá í maí á þessu ári og settist niður með Kötunni og móður hennar.

Móðir Kötunni elskar hana afskaplega mikið og gerir allt í sínu valdi til að henni líði vel. Hún gerir sér grein fyrir því að Kata getur aldrei farið í skóla og mun aldrei geta labbað eða leikið sér eins og önnur börn en hún vill að Kata fái að njóta lífsins eins og hún getur. „Ég er mjög vonsvikin með þá ákvörðun mannsins míns að yfirgefa okkur og þá sér í lagi vegna þess að Kata er fötluð. En ég ætla að standa mig vel og ala börnin mín vel upp,“ segir hún.



Alda, Kata í hjólastólnum og Ragnar Schram.

En þó svo að móðirin sé að standa sig vel á fjölskyldan við ýmis vandamál að stríða. Eins og mæðgurnar voru ánægðar með hjólastólinn kom í ljós að þær gátu ekki farið langt á honum. Fyrst um sinn keyrði Alda dóttur sína í bæinn í hjólastólnum en hætti því fljótt þar sem þær urðu alltaf fyrir aðkasti. Fólk kallaði ljótum orðum að mæðgunum og gerði þeim ljóst að fatlað barn væri ekki velkomið. Nú fara þær mæðgur hvergi en Kata situr oftast en ekki í hjólastólnum fyrir utan heimili sitt.

Einnig hefur fjölskyldan þurft að flytja nokkuð oft á síðustu árum vegna kvartana. Fjölskyldan er á leigumarkaðnum og vegna forðóma og þekkingarleysis sætta nágrannarnir sig ekki við að það búi fatlað barn í næsta húsi. Því fara þeir ávallt fram á það við

leigusalan að fjölskyldan fái ekki að leigja áfram sem gerir það að verkum að móðirin þarf að flytja annað með öll börnin. Móðir Kötunni segir að það myndi gera gæfumuninn ef hún ætti sína eigin lóð. Þá væri ekki hægt að reka fjölskylduna í burtu og einnig gæti Kata farið lengra í hjólastólnum. „Ég vildi óska að ég ætti pening til þess að kaupa mína eigin lóð og ég er að hugsa um að biðja SOS um lán til þess að gera það,“ sagði hún við Ragnar í maí. SOS Barnaþorpin á Íslandi fóru strax í það að athuga hvað væri hægt að gera fyrir fjölskylduna svo lífsskilyrði hennar aukist enn frekar. SOS á Íslandi eru að undirbúa kaup á lóð í Gíneu Bissá þar sem hægt er að byggja hús handa fjölskyldunni. Það gerir fjölskyldunni kleift að búa í öruggu húsnæði það sem eftir er.

Ný tækifæri í kjölfar efnahagskreppu

Þegar umfang og áhrif alþjóðlegu efnahagskreppunnar tóku að skýrast fyrir nokkrum árum brugðust SOS Barnaþorpin strax við með ýmsum aðgerðum en samtökin urðu fyrir áhrifum kreppunnar eins og flestir aðrir. Í kjölfar kreppunnar hefur komið í ljós að efnahagur margra landa er á góðri siglingu og það gefur SOS tækifæri til að afla fjár innanlands í löndum sem áður voru algjörlega háð framlögum frá Vesturlöndum. Í hópi þessara landa eru Suður Afríka, Marokkó, Rússland, Mexíkó, Tæland, Srí Lanka, Síle, Brasilía, Búlgaría og Króatía.



Þess vegna hafa SOS Barnaþorpin að vandlega athuguðu máli og ítarlegum úttektum ákveðið að 35 samstarfslönd okkar skuli stefna að fjárhagslegu sjálfstæði á næstu árum. Þetta þýðir að samtökin í þeim löndum þurfa að afla alls síns rekstrarfjár innanlands í stað þess að treysta á stuðning frá Íslandi og öðrum Vesturlöndum. Í mörgum þessara landa treysta yfirvöld sér til að koma í auknum mæli að

fjármögnun á rekstri barnaþorpanna og vilja það gjarnan. Þá hefur almenningur í þessum löndum meira á milli handanna og er farinn að gefa meira til góðgerðarmála.

Samhliða auknum tekjum innanlands þurfa samtökin í löndunum 35 að sýna ráðdeild og hagsýni í rekstri sínum án þess þó að slaka á gæðakröfum. Í sumum tilvikum þýðir þetta að ný börn verða ekki

tekin inn í barnaþorpin í stað þeirra ungmenna sem ná sjálfstæði og yfirgefa barnaþorpin enda leggjum við meiri áherslu á vandaða umönnun en fjölda skjólstæðinga. Séð verður til þess að neikvæð áhrif þessara aðgerða verði eins lítil á börnin og kostur er.

En jafnvel þó svo að aukin tækifæri séu á sviði fjármögnunar í löndunum 35 þýðir það auðvitað ekki að þau verði fjárhagslega sjálfstæð á einni nóttu. SOS Barnaþorpin á Íslandi og öðrum Vesturlöndum munu styðja löndin á þessari vegferð þeirra, bæði með fjármunum og ráðgjöf. Slíkur stuðningur gefur löndunum tækifæri og svigrúm til að endurskipuleggja starfsemi sína og vinna að fjáröflun innanlands.

Fjöldmörg landssamtök SOS vinna nú eftir metnaðarfullum aðgerðaráætlunum á þessu sviði og nú þegar sjáum við góðan árangur hjá mörgum þeirra. Önnur fara hægar af stað og þurfa meiri aðstoð en reiknað var með í fyrstu.

Efnahagskreppan sem hefði getað haft hræðilegar afleiðingar fyrir SOS Barnaþorpin færði okkur þess í stað ný sóknarfæri, nýjar hugmyndir og nýjan þrótt til aðgerða. Allar hafa aðgerðirnar það að markmiði að veita börnum í neyð góða umönnun og vaxtar-skilyrði svo þau nái að blómstra og hafa jákvæð áhrif á samfélag sín. Og þegar löndin verða fjárhagslega sjálfstæð munu Vesturlöndin geta einbeitt sér betur að vanþróuðustu og fátækustu ríkjum heims og þeim mikla fjölda barna sem þar þarf hjálp.



Óttaslegin börn á Gaza og í Ísrael

Mikið mannfall var í átökum Ísraels hers og Hamas-samtakanna á Gaza sem stóðu yfir í sumar. Öll börn og SOS mæður í barnaþorpunum á staðnum eru þó óhult. Alls eru fjögur barnaþorp í þessum tveimur löndum, tvö í Palestínu (þar af eitt á Gaza) og tvö í Ísrael. Einnig eru þar starfandi SOS leikskólar, SOS grunnskólar, samfélagsmiðstöðvar og ungmennaheimili.

SOS Barnaþorpið á Gaza er staðsett í borginni Rafah. Börnin og SOS mæðurnar í þorpinu hafa verið undir miklu álagi af streitu vegna árásanna. Sprengjum var varpað í nálægð við barnaþorpið og því hafa börnin upplifað mikla skelfingu undanfarnar vikur. Þau héldu sig mikið innandyra og gerðu ýmislegt til að láta tímann líða. Þau teiknuðu, settu upp leikrit, elduðu mat, spiluðu tónlist og fleira í þeim dúr. Börnin vissu á tímabili ekki hvort það væri dagur eða nótt og sváfu lítið. Þá hefur rafmagnið verið óstöðugt síðustu vikur og ekkert netsamband hefur verið í barnaþorpinu.

SOS börnin í barnaþorpunum í Ísrael urðu einnig vör við átökin. Börnin í barnaþorpinu í Megadim voru fjarri átökunum en Neradim barnaþorpið var nær þeim stöðum

sem flugskeyti Hamas lentu á. Viðvörðunarflauttur hljómuðu oft og reglulega og í hvert skipti þurftu allir að hætta því sem þeir voru að gera og hlaupa í skjól. Börnin voru skiljanlega óttaslegin í þessum aðstæðum og höfðu áhyggjur af ættingjum sínum og vinum.

SOS Barnaþorpin taka ekki afstöðu til deilumála Palestínumanna og Ísraelsmanna en samtökin sendu frá sér eftirfarandi yfirlýsingu þann 9. júlí síðastliðinn, daginn eftir að fyrstu sprengjunum var varpað:

„Enn hefur verið gripið til ofbeldis í deilu Ísraels- og Palestínumanna og gætir áhrifa þess með beinum hætti í SOS Barnaþorpinu í Rafah á Gaza. Sprengjur hafa fallið skammt frá barnaþorpinu, sem er algjörlega hlutlaust svæði í deilunum. Í



augnablikinu geta börnin ekki yfirgefið barnaþorpið af öryggisástæðum. Við minnum deiluaðila á að virða alþjóðleg mannréttindalög og hlífa börnum. Við treystum því að aðilar muni gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að SOS Barnaþorpið og skjólstaðingar samtakanna verði fyrir tjóni.“

Hvernig heldur þú að það væri að búa í tjaldi?

Í Mongólíu er ekki óalgengt að fjölskyldur búi í tjöldum. Tjöldin eru sett saman úr viðagrind og þá er ullardúkur settur yfir. En hvernig þætti íslenskum börnum að búa í tjaldi?



Sara Haraldsdóttir: „Það væri mjög mjúkt og mjög kalt. Það væri þröngt og það kæmist ekki mikið dót fyrir. Maður væri mikið fátækur ef maður byggði í tjaldi.“



Aron Haraldsson: „Það væri ekki mjög þægilegt og það væri svolítið kalt. Það væri frekar þröngt inni í tjaldinu og ekkert rafmagn.“



Hjálmar Vilhelm Rúnarsson: „Gaman. Af því þá er miklu meiri sól og það er svo notalegt að búa í tjaldi.“



Freyja Mjöll Gissuraradóttir: „Það væri kalt þegar það er snjór og ég ætti enga eldavel.“

Getur þú giskað á hlutinn?

Þessi leikur er mjög vinsæll meðal barna í Indónesíu og er hann oft leikinn í SOS Barnaþorpinum þar í landi.

Það geta allir verið með í þessum leik. Allir sitja saman í hring á gólfinu með hendur í kjöltu og augun lokuð. Það er einn stjórnandi og hann finnur ýmsa hluti. Stjórnandinn leggur einn hlut í hendurnar á einum þátttakanda. Sá á að giska hver hluturinn er. Ef hann giskar á rétt þá setur stjórnandinn nýjan hlut í hendurnar á næsta þátttakanda. Ef þátttakandinn giskar vitlaust fer hluturinn í hendurnar á næsta þátttakanda. Leikurinn verður enn skemmtilegri ef hluturinn er eitthvað sem erfitt er að giska á, til dæmis ís, sápa, pastaskrúfa eða eitthvað svipað. Ef þið viljið gera leikinn erfiðari er hægt að hafa þunnt efni yfir hlutnum á meðan giskað er hver hann er.

